

Sp. 35. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]
um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélögin í landinu endurskoða gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög.

Greinargerð.

Lögin um byggingarsamvinnufélög miða að því að veita því fólki sérstaka aðstoð, sem myndar með sér byggingarsamvinnufélag til þess að eignast þak yfir höfuðið. Hefur verið stofnaður fjöldi byggingarsamvinnufélaga og margir notið góðs af þeim samtökum.

Með lögum þessum eru félagsmönnum samvinnubyggingarfélaga veitt mikil réttindi, en um leið eru á þá lagðar miklar skyldur. Ekki er nema sanngjarnt, að þeir taki á sig nokkrar kvaðir, sem njóta sérstakrar aðstoðar hins opinbera til að eignast húsnæði. Um það má þó jafnan deila, hversu þungar þær kvaðir eiga að vera. Mikil reynsla er nú fengin af þessu skipulagi, og hefur sú reynsla ótvírætt sannað nauðsyn þess, að skipulagið í heild verði tekið til endurskoðunar. Í framkvæmd hafa félagsmenn samvinnubyggingarfélaga ekki notið nema að nokkru leyti þeirrar aðstoðar, sem lögin gera ráð fyrir, og hlýtur því eðlilega að vakna sú spurning, hvort ekki sé sanngjarnt, að kvaðirnar léttist að sama skapi. Mörg atriði koma til greina í þessu sambandi og því hæpið að gera breytingar á einstökum atriðum án þess að athuga málið í heild. Sjálfsagt er, að samvinnubyggingarfélögin sjálf eigi aðild að slíkri endurskoðun, en þar sem þau eru ekki öll í einu landssambandi, er ekki hægt að haga samvinnunni við þau á annan hátt en þann að velja þau stærstu þeirra til samráðs.